

Mál nr. 273/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tjónsfjárhæð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. ágúst 2022.
2. Bréf V dags. 14. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. september 2022.

Málsatvik.

Fram kemur í gögnum málsins að ágreiningur er milli M og V um fjárhæð bóta vegna innbrots í bílskúr við heimili M þann 17. júlí 2021. Nefndin hefur áður fjallað um þetta mál í úrskurði sínum nr. 448/2021 þar sem ágreiningur var uppi um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M hjá V og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að M ætti rétt á bótum úr tryggingunni en jafnframt að þær bætur skyldu skertar um helming vegna brota á varúðarreglu.

M telur sig eiga rétt til hærri bóta en V hefur boðið vegna tjónsins og kveður M ágreininginn einnig snúast um verðmæti þeirra muna sem stolið var.

V samþykkir að ágreiningur um bótafjárhæðir verði lagður fyrir nefndina og segir að sú fjárhæð sem boðin hafi verið þann 4. apríl 2022 að fjárhæð kr. 465.718 hafi verið lögð fram í sáttaskyni og byggir hún á ætluðu verðmæti muna skv. lista sem M lagði fram til V þann 27. júlí 2021. Ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn um eignarhald eða verðmæti hlutanna sem um ræðir. Vísar V til greinar 7.1. í skilmála fjölskyldutryggingar þar sem fram kemur að bætur eru miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem um ræðir. Þó er félaginu heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Bendir V á að M hafi ekki getað lagt fram kvittanir eða aðrar staðfestingar á eignarhaldi og verðmæti þeirra hluta sem hann telur að hafi verið stolið í innbrotinu.

Álit.

Ágreiningur þessa mál snýst um hversu háar bætur M eigi rétt á að fá greiddar frá V vegna innbrots í bílskúr við heimili M þann 17. júlí 2021. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þágildandi samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr.1090/2005, úrskurðar nefndin því aðeins um bótafjárhæðir að fyrir liggi samþykki allra málsaðila. V hefur fallist á að nefndin úrskurði um ágreining aðila sem að ofan greinir. Kemur því ekki til frekari skoðunar hvort ágreiningurinn heyri undir starfssvið nefndarinnar. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði um fjárhæð þess tjóns. Hefur M ekki lagt fram nein haldbær gögn sem styðja það að hann eigi rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið honum. Er því óhjákvæmilegt að hafna greiðslu frekari bóta úr tryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en félagið hefur þegar boðið.

Reykjavík, 11. október 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir